

## Akrafjall

Akrafjall er eitt helsta kennileitið við innanverðan Faxaflóa. Það rís upp frá flatlendi, sést víða að og er kunnugt flestum er eiga heima umhverfis Flóann. Í þetta sinn skal ferðinni heitið á fjallið og er ætlunin að kynnast því nokkuð af eigin raun.

Byggð er allt umhverfis Akrafjall. Að norðan og sunnan er það hömrum girt, austurhlíð þess er aflíðandi og greiðfær uppgöngu. Mikil dalur er í miðju fjalli sem heitir Berjadalur. Opnast hann til vesturs (í áttina að Akranesi) og fara dalbrúnirnar lækandi, því nær sem dregur að rótum fjallsins að vestan. Með sanni má líkja Berjadalnum við risavaxinn hörpuðisk. Undir austurhlíðum fjallsins er bærinn Stórafellsöxl. Þar skiljum við bílinn eftir og hefjum gönguna. Annars er unnt að aka lengra upp í brekkurnar eftir götuslóðum. Það ætti að auðvelda þeim för, sem kjósa minna erfiði.

Þegar komið er upp á brún blasir Berjadalurinn við með Háahnúk að sunnanverðu og Geirmundartind (eða Geirmund) að norðan. Þar fjallið hæst 643 m. Til að fá góða yfirsýn yfir þetta svæði göngum við fyrst út á suðurbrúnirnar í áttina að Háahnúk. Brátt komum við að miklu og djúpu gili, sem skerst inn í fjallið. Þetta er Kúludalur. Þar fyrir neðan sjáum við heim að bænum Kúludalsá. Hann er nefndur í kirkjusögu landsins, því eftir að biskupsstóllinn var aflagður í Skálholti um 1790 kom til álita að flytja biskupinn að Kúludalsá, en úr því varð ekki, heldur var hann fluttur að Laugarnesi sem kunnugt er.

Héðan af brúninni blasir Hvalfjörðurinn við, Kjalarnesið, Esjan og Kjósarfellin svo nokkuð sé nefnt. Nær sjáum við bæjarröðina meðfram firðinum að norðanverðu. Þar eru mörg nafnkennd býli, sem sjálfsagt er að kynnast nánar síðar.

Lengra í vestri ber Háahnúk við loft. Sagan segir að þar sé hellir, sem Arnes Pálsson útileguþjófur hafi hafst við um tíma, en flúið þaðan þegar gerð var mikil leit að honum, sem frægt er.

Frá suðurbrúninni göngum við til baka, fyrir botn Berjadals og norður á Geirmundartind. Þar blasir við annað útsýni. Mýrarnar, Snæfellsnesfjöllin, Hafnarfjall, Skarðsheiði og byggðin þar suður af. Þetta allt saman er mjög forvitnilegt og ekki spillir að hafa sjónaukann meðferðis.

Eftir hæfilega dvöl á Geirmundartindi er kominn tími til að huga að heimferð. Ef bílinn hefur verið skilinn eftir við Stórafellsöxl, göngum við austur eftir brúnum fjallsins, fyrir botn Kjalardals og að bílnum. Niðurundan Kjalardal er samnefndur bær. Þar var fyrrum þingstaður. Halldór Laxness hefur séð svo um að nafn bæjarins hefur ekki fallið í gleysku því þar var Jón Hreggviðsson húðstrýktur fyrir að móðga “vorn allranáðugasta arfakóng og herra með ósæmilegu orðaspjátri í þá veru að þessi vor herra hafi nú tekið sér þrjár frillar fyrir utan hans ektaskap”, eins og segir í Íslandklukku Halldórs. Með þessari refsingu hófst þrautaganga Jóns sem fræg er.

En skemmtilegast er samt að ganga niðureftir norðurbrún Berjadals og að minni hans. Þar fellur Berjadalsá fram út dalnum í skemmtilegum farvegi og þar er vatnsból Skagamanna, en Akrafjallið er vatnsforðabúr þeirra.

Bílvegur liggur upp að mynni dalsins, sem er fær öllum bílum. Þar lýkur þessari gönguferð.

(Mbl. 21. júní 1981)